



Jafnlaunastefna

Stefnuskjal

Skjalnúmer: STE-002
Útgáfudagur: 21.11.2023
Útgáfa: 1.0
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Tilgangur og gildissvið

Jafnlaunastjórnunarkerfi nær til alls starfsfólks. Starfsmaður er sá sem hefur gildandi ráðningarsamband við Kirkjugarða Reykjavíkur. Kerfið nær ekki til verktaka.

Jafnlaunastefna

Kirkjugarðar Reykjavíkur skulu tryggja öllu starfsfólki sínu þau réttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna varðandi launajafnrétti. Laun skulu ákvörðuð í samræmi við þær kröfur sem störf gera óháð kyni. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga og tryggi að sömu laun og kjör séu fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli ólíkra kjarasamninga.

Til þess að fylgja jafnlaunastefnu eftir skuldbinda Kirkjugarðar Reykjavíkur sig til að:

- Skjalfesta og viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 og jafnframt að stuðla að forvörum á kerfinu.
- Viðhalda skal vottun í samræmi við gildandi lagareglur á hverjum tíma og bregðast við frábrigðum og athugasemdum þegar þau koma upp.
- Flokka störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og til að athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna fyrir starfsfólki niðurstöður árlegrar launagreiningar sem er til úttektar nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega hlítni við lög.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Framkvæma rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og við nýráðningu starfsfólks og skal hún vera aðgengileg á ytri vef.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna. Forstöðumaður fjármála og rekstrar er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.

Tilvísanir

ÍST 85: 2012 – 4.1 Almennar kröfur
ÍST 85: 2012 – 4.2 Jafnlaunastefna
ÍST 85: 2012 – 4.3.1 Jafnlaunaviðmið
ÍST 85: 2012 – 4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur
ÍST 85: 2012 – 4.3.3 Markmið og áætlanir
ÍST 85: 2012 – 4.4.4 Skjalfesting
ÍST 85: 2012 – 4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir
ÍST 85: 2012 – 4.5.5 Innri úttekt
ÍST 85: 2012 – 4.6 Rýni stjórnenda
STE-001 Skilgreining ábyrgðar vegna jafnlaunastjórnunarkerfis
VER-002 Innri úttekt
VER-003 Rýni stjórnenda
VER-004 Vöktun og mæling
VER-005 Frábrigði, úrbætur og forvarnir
VER-006 Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa
VER-007 Launasetning og endurskoðun launa
VER-008 Samskipti og upplýsingamiðlun



Jafnlaunastefna

Stefnuskjal

Skjalnúmer: STE-002
Útgáfudagur: 21.11.2023
Útgáfa: 1.0
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

VER-010 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

Ritstjórn

Sólveig Halldórsdóttir

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir

Útg. 2.0: